REGLUGERÐ UM GRUNNSKÓLAMÓT Í GLÍMU

1.grein

1.1 Grunnskólamót í glímu er glímukeppni sem GLÍ gengst árlega fyrir.

2. grein

2.1 Mótið er flokkaglíma þar sem glímt er í sextán bekkjum, þ.e. 3., 4., 5.,6.,7.,8.,9., og 10.bekk grunnskóla bæði hjá drengjum og stúlkum.

2.2 Innan hvers flokks er glímd hópglíma.

2.3 Séu keppendur 8 eða fleiri í flokki er heimilt að skipta honum í þyngdarflokka.

2.4 Miða skal þyngdarflokkaskiptingu fyrir 5. til 10. bekk, við eftirfarandi:

8- 14 keppendur	Stærri og minni.
15-21 keppendur	Stórir/ar, millivigt, og léttir/ar.

Í keppni í 3. og 4. bekk skulu gilda sérstakar reglur, þannig að ef keppendur í flokki eru fleiri en fjórir, skal skipta flokknum upp þannig að ekki séu fleiri en fjórir keppendur í hverjum flokki, þannig að hver keppandi fái aðeins þrjár viðureignir. Séu keppendur bara 2 í flokki, er keppt tvöföld umferð.

2.5 Ef ekki er hægt að skipta jafnt í riðla skal vera fjölmennast í þyngsta flokk og svokoll af kolli.

3. grein

3.1 Þrír efstu menn í hverjum flokki hljóta verðlaun til eignar, nema í flokkum í 3. og 4. bekk, þar sem allir keppendur fá verðlaun og ekki eru skráð úrslit úr viðureignum.

3.2 Sá skóli sem fær flesta verðlaunahafa vinnur bikar til eignar. Verði fleiri en einn skóli með jafn mörg verðlaun vinnur sá skóli sem hefur fleiri sigurvegara, ef enn er jafnt skal telja 2.sæti o.s.frv.
Þátttakendur úr 3. og 4. bekk telja ekki í samantekt um flesta verðlaunahafa.

4. grein

4.1 Mótið skal auglýsa með ekki minna en eins mánaðar fyrirvara.

5. grein

5.1 Stjórn GLÍ staðfestir tilnefningar dómara.

Staðfest 26. feb. 1987 /breytt 14. september 1987 / 3. október 1993 / 8. júlí 1997/ 1.des 2010/24.ágúst 2011/25.nóvember 2026